

Ed.

183. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frv. þetta allýtarlega. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess, og nefndin klofnaði. Meiri hl. nefndarinnar, fjórir undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með lítills háttar breytingu. Minni hl. (MK) leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Meiri hlutinn telur, að úr því að Landsbankinn hækkaði innlánsvexti og þar af leiðandi vexti af fasteigna- og handveðslánum, þá verði ekki hjá því komizt að veita sparisjóðum og öðrum heimild til þess að hækka í sama mæli vexti sína af slíkum útlánum.

Hins vegar lítur meiri hlutinn svo á, að ekki sé rétt að lögbjóða riftingu gerðra samninga um vexti af þess konar lánum, þótt Landsbankinn síðar kunni að lækka vextina hjá sér, svo sem síðasti málsl. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, heldur miða lækkuunar skylduna þá við nýja samninga eingöngu.

Leggur meiri hluti nefndarinnar þar af leiðandi til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. í stað orðanna „Aldrei má samt taka hærri vexti“ í síðasta málsl. komi: Aldrei má samt semja um hærri vexti.

Alþingi, 5. nóv. 1952.

Bernh. Stefánsson,
form.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Karl Kristjánsson,
frsm.

Þorst. Þorsteinsson.